

**Ed.**

**29. Frumvarp til laga**

[29. mál]

um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum nr. 5 13. febrúar 1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði, er verði ákvæði til bráðabirgða og orðist svo:

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Áður en útflutningsgjald er lagt á skv. 2. gr. skal draga frá f.o.b.-verðmæti saltsíldar framleiddrar á síldarvertíð 1979 krónur 10 100 fyrir hver 100 kg innihalds vegna umbúðakostnaðar og kostnaðar við sérstök hjálparefni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.*

Núverandi útflutningsgjald er 5% af f.o.b.-verðmæti útfluttra sjávarafurða og er það nær almenn regla. Í eldri lögum um útflutningsgjald — fyrir breytingu á sjóðakerfi sjávarútvegs 1976 — var heimilt að draga frá f.o.b.-verðmæti saltsíldar ákveðna fjárhæð vegna umbúðakostnaðar og var þessi heimild t. d. notuð á árinu 1975. Við sjóðakerfisbreytinguna var þessi heimild felld niður enda var útflutningsgjald þá lækkað verulega og reynt að afnema sem flest sérákvæði.

Síldarsöltun hefur algjöra sérstöðu er varðar umbúðakostnað. Tunnurnar eru fluttar inn og síðan út aftur nokkrum mánuðum seinna og eru þá að meðaltali nær fjórðungur af því verðmæti, sem útflutningsgjald er lagt á. Í öðrum greinum fiskvinnslu er umbúðakostnaður innan við 3% af tekjum.

Kostnaður við hverja tunnu er nú nálægt 9 000 krónur, en einnig þykir rétt að leyfa frádrátt vegna kostnaðar við sérstök hjálparefni, svo sem krydd og sykur, og verður frádráttur þá alls um 10 100 krónur fyrir hver 100 kg innihalds. Útflutningsgjald af hverri tunnu lækkar við þetta um 505 krónur og bætir það afkomu síldarsöltunar að sama skapi, en hún er erfið á þessari vertíð. Þykir því ástæða til þess að gera þessa breytingu til lækkunar á útflutningsgjaldi til þess að greiða fyrir síldveiðum og síldarsöltun á þessari vertíð.

Áætla má, að lækkun útflutningsgjalds nemi alls rúmlega 90 milljónum króna og er þá einnig tekið tillit til ediksaltaðrar síldar.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að frádráttur frá f.o.b.-verðmæti saltsíldar vegna kostnaðar við umbúðir og sérstök hjálparefni verði heimilaður með ákvæði til bráðabirgða við lögum um útflutningsgjald og eingöngu bundin við framleiðslu á síldarvertíð 1979. Með þessu væri ekki tekið upp sérákvæði í meginmál laganna en tekið tillit til sérstöðu síldarsöltunar að því er varðar umbúðakostnað í ljósi erfiðrar afkomu í ár.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.